

Strax og áðurnefndur dómur var fallinn, hófust nokkrir skuldheimtumen Baldvins Kristinssonar handa um að leita fullnægju kröfum sínum í hinu tildæmda fé. Þeirra á meðal var Sparisjóður Siglufjarðar og Ræsir h/f og Sveinn Egilsson h/f, er kröfðust fjárnáms í því. Með úrskurðum fógætaréttarins, uppkveðnum 28. jan. s.l., var synjað um fjárnám í öllum þessum málum, og hefur tveimur hinum fyrrnefndu fjárnámsmálum verið áfrýjað til Hæstaréttar að sögn gerðarþola.

Í málum þessum var því haldið fram í fógætaréttinum, að áðurnefnt kröfuafsal væri ólöglegt, þar sem um væri að ræða tilraun til undanskots fjár undan aðför. Gerðarþoli kveðst af þessum sökum ekki geta gert sér ljóst, hver eigi löglegt tilkall til fjárins, og vill því ekki afhenda það, fyrr en úr því sé skorið, og rökstyður frestbeiðni sína, eins og áður segir, með því, að líklegt sé, að niðurstaða um þetta efni fáiast með áðurnefndri áfrýjun.

Eins og ljóst er af framansögðu, hefur verið um það deilt, hvort gerðarbeiðandi í máli þessu sé eigandi fjár þess, er hann nú vill fá afhent með aðstoð fógæta. Úrlausn Hæstaréttar í máli Sparisjóðs Siglufjarðar gegn Baldvin Kristinssyni og Ræsis h/f gegn Baldvin Kristinssyni getur skipt máli um úrslit þessa máls. Þykir því rétt að veita hinn umbeðna fræst.

Því úrskurðast:

Máli þessu er frestað, þar til dómur er fallinn í hæstaréttarmálunum Sparisjóður Siglufjarðar gegn Baldvin Kristinssyni og Ræsir h/f gegn Baldvin Kristinssyni.

Mánudaginn 26. maí 1952.

Kærumálið nr. 10/1952.

Gestur Fanndal

gegn

Jóhannesj Magnússyni.

Málflutningsumboð. Kröfu um frávísun hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 18. apríl þ. á., sem hingað barst 4. maí þ. á., hefur sóknaraðili samkvæmt 108. gr. laga nr. 85/1936 kært til Hæstaréttar úrskurð, uppkveðinn á bæjarþingi Siglufjarðar 17. apríl þ. á., þar sem hrundið var kröfu sóknaraðilja um vísun málsins frá bæjarþinginu. Krefst sóknaraðili þess,

að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og málinu vísað frá bæjarþinginu. Svo krefst hann og málskostnaðar, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eftir mati dómsins.

Varnaraðili hefur hvorki sent Hæstarétti kröfur né greinargerð í málinu.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Þar sem varnaraðili hefur engar kröfur gert í málinu, fellur kærúmálskostnaður niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærúmálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Siglufjarðar 17. apríl 1952.

Mál þetta hefur Jón Skaptason, lögfræðingur hér í bæ, höfðað f. h. Jóhannesar Magnússonar, Akureyri, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitun fyrir bæjarþingi Siglufjarðar með stefnu, útgefinni 6. marz s.l., gegn Gestí kaupmanni Fanndal hér í bæ til greiðslu skuldar vegna kaupa á 50 tómtunnum á kr. 44.50 stykkið eða samtals kr. 2.225.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1952 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Siglufjarðar fimmtudaginn 13. marz s.l. Af hálfu stefnanda sótti þing Jón Skaptason lögfræðingur og lagði fram nr. 1—4 stefnu, sáttakæru, reikning og greinargerð. Stefndi sótti sjálfur þing. Véfengdi hann umboð Jóns Skaptasonar til að fara með mál þetta, þar sem hann, þ. e. Jón, væri ekki enn orðinn héraðsdómslögmaður og gæti þess vegna ekki notfært sér réttindi þeirra. Jón Skaptason benti hins vegar á, að hann hefði lagt fram reikning undirritaðan af umbjóðanda sínum, er hann teldi næga sönnun fyrir umboði sínu, miðað við það, að lögfræðingar séu yfirleitt ekki krafðir um ríkari sönnunargögn varðandi umboð fyrir rétti. Stefndi krafðist úrskurðar um þetta atriði, og tók dómari það þá til dóms eða úrskurðar. Á bæjarþingi 17. þ. m. tók dómari mál þetta ex officio upp af nýju til gagnaöflunar um framkomna frávisunarkröfu. Af hálfu stefnanda sótti þing Ármann Jakobsson héraðsdómslögmaður og lagði fram svohljóðandi yfirlýsingu: „Hér með tilkynnist yður, herra bæjarfógeti, að Jón Skaptason cand. jur., Siglufirði, flytur bæjarþingsmálið: Jóhannes Magnússon gegn Gestí H. Fanndal, sem nú er rekið fyrir bæjarþingi Siglufjarðar, á mina ábyrgð sem fulltrúi minn.“ Afrit af bréfi þessu, dags. 12. þ. m., hafði áður verið sent bæjarfógeta. Með hliðsjón af framanrituðu svo og 3. og 4. sbr. 20. gr. laga nr 61 frá 4. júlí 1942 telur dómari, að Jón Skaptason lögfræðingur hafi nægjanlega sannað umboð sitt

til að fara með mál þetta fyrir bæjarþingi Siglufjarðar, enda hefur ekkert komið fram í málinu, sem veikir þá staðhæfingu eða gerir hana tortryggilega. Ber því að hrinda framkominni frávísunarkröfu.

Þess skal getið, að dráttur sá, er orðið hefur á uppkvaðningu þessa úrskurðar, stafar af fjarveru dómarsins.

Friðjón Þórðarson, settur bæjarfógeti, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Frávísunarkrafa stefnda verður ekki tekin til greina.

Mánudaginn 26. maí 1952.

Nr. 172/1951. **Ákærvaldið** (Kristján Guðlaugsson)

gegn

Osmond Johanson (Lárus Fjeldsted).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdómur er kveðinn upp af Kristjáni Steingrímssyni, bæjarfógeta í Neskaupstað, og samdómendunum Jakob Jakobssyni og Péttri Waldorff.

Friðrik Ólafsson, forstöðumaður Stýrimannaskólans í Reykjavík, hefur markað á sjóuppdrátt stað dufls þess, sem varðskipið Ægir setti út við togarann Cardiff Castle kl. 3.39 að morgni 15. ágústmánaðar 1951. Reyndist staður duflsins 0,75 sm innan landhelgislínu. Mæling þessi sýnir, að ákærði hefur verið að veiðum með botnvörpu í landhelgi, og varðar brot hans við þau lagaákvæði, sem í héraðsdómi greinir. Með hliðsjón af núverandi gullgildi íslenzkrar krónu, en það er 13.528 gullaurar, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin í héraðsdómi, en greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Svo ber og að staðfesta ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra og um sakarkostnað í héraði.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.